

GJALDSKRÁ

HS veitna hf. fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

HS veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi HS veitna hf.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur eða mælt með þar til gerðum magnmælum.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi á Suðurnesjum greiða samkvæmt magnhemli:

			<i>án vsk.</i>	<i>m. 7,0% vsk.</i>	
Húshitun	m/l á ári	(80°C)	37.550,00	40.179,00	kr.
Húshitun	m/l á dag	(80°C)	102,88	110,08	kr.
Húshitun	m/l á ári	(90°C)	42.245,00	45.202,00	kr.
Húshitun	m/l á dag	(90°C)	115,74	123,84	kr.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir á Suðurnesjum, skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli:

		<i>án vsk.</i>	<i>m. 7,0% vsk.</i>	<i>m. 25,5% vsk.</i>	
Til húshitunar	(80°C)	105,40	112,78		kr./m ³
Til húshitunar	(90°C)	115,97	124,09		kr./m ³
Til annarra nota		105,40		132,28	kr./m ³
Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar		57,98		72,76	kr./m ³

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi í Vestmannaeyjum greiða samkvæmt magnmæli:

		<i>án vsk.</i>	<i>m. 7,0% vsk.</i>	
<i>Til íbúða húshitunar</i>				
VM1 m ³		222,55	232,96	kr./tonn
Niðurgreitt pr. m ³		-73,90		kr./tonn
VM2 m ³		55,57	58,17	kr./tonn
Niðurgreitt pr. m ³		-18,48		kr./tonn
VM2 kWh		3,71	3,88	kr./kWh
Niðurgreitt pr. kWh		-1,23		kr./kWh

Til húshitunar annars en íbúða

VM3 m ³	203,98	218,26	kr./tonn
VM4 m ³	50,68	54,23	kr./tonn
VM4 kWh	3,38	3,62	kr./kWh

4. gr.

HS veitur hf. leigja vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil sem hér segir á Suðurnesjum:

	án vsk.	m. 7,0% vsk.	m. 25,5% vsk.	
Mælir eða hemill allt að 20 mm	7.027,00	7.519,00	8.819,00	kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	19,25	20,60	24,16	kr./dag
Mælir eða hemill 25 - 50 mm	14.079,00	15.065,00	17.669,00	kr./ár
Mælir eða hemill 25 - 50 mm	38,57	41,27	48,41	kr./dag
Mælir eða hemill 65 mm og stærri	28.130,00	30.099,00	35.303,00	kr./ár
Mælir eða hemill 65 mm og stærri	77,07	82,46	96,72	kr./dag

HS veitur hf. leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli sem hér segir í Vestmannaeyjum:

Flokkur og stærð mæla	án vsk.	m. 7,0% vsk.	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	17.650,00	18.886,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	48,36	51,74	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm	35.167,00	37.629,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm	96,35	103,09	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	70.497,00	75.432,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	193,14	206,66	kr./dag

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldalagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS veitur hf. ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

6.000 m ³	850.064,00	909.568,00	kr.
Yfir 6.000 - 10.000 m ³	101,16	108,24	kr./m ³
10.000 m ³	1.254.653,00	1.342.479,00	kr.
Yfir 10.000 m ³	87,99	94,15	kr./m ³
Bráðabirgðatenging, t.d. vinnuskúrar	27.937,00	29.893,00	kr.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá HS veitum hf. og skal þá greiða fyrir hverja grind:

	án vsk.	m. vsk.	
Aukagrind	21.125,00	22.604,00	kr.

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	<i>án vsk.</i>	<i>m. vsk.</i>
Opnunargjald	5.602,00	7.031,00 kr.

9. gr.

Eftirlitsmanni HS veitna hf. skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 7,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar og opnunargjaldi þar sem virðisaukaskatturinn er 25,5%.

Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2% orkusatts á smásöluverð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS veitna hf., staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 2011 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis nr. 64/2010 og 65/2010, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. nóvember 2011.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.